



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNAEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 11.03.2020

Kl.: 17:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvinda

Unnið er hörðum höndum að því að miðla upplýsingum og ráðleggingum til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#) og [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#).

Síðastliðinn sólarhring hafa greinst fimmtán ný smit, þar af eru fjögur innanlandssmit. Heildarfjöldi smitaðra er því 85 talsins, þar af 20 innanlandssmit. Uppruni allra smita má rekja til Norður-Ítalíu og skíðasvæða í Ölpunum. Áhersla er lögð á að greina snemma og að einstaklingar fari í sóttkví sem fyrst þegar við á og í einangrun þegar um smit er að ræða. Alls hafa um 856 sýni verið tekin í heild, þar af 59 í dag.

Nú er unnið að því að ganga frá samningi milli smit- og veirufræðideildar Landspítala og Decode svo hægt verði að hefja skimun fyrir COVID 19 í íslensku samfélagi. Stefnt er að því að hefja skimunina sem fyrst.

- Menntamálaráðuneytið hefur birt [upplýsingar á vef](#) um hvaða áhrif neyðarstig almannavarna hefur á skólastarf í landinu.
- Einnig hafa verið birtar á vef landlæknis [leiðbeiningar vegna COVID-19 og mannamóta](#). Þar kemur fram að ekkert samkomubann er í gildi en mikilvægt er fyrir skipuleggjendur að gæta vel að smitvörnum á viðburðum.

Upplýsingafundur

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn fjallaði um áhrif á almenningssamgöngur, skóla og vinnustaði. Gera má ráð fyrir að samkomubanni verði beitt á ákveðnum tímavörðum innan afmarkaðra svæða. Strætó gefur út leiðbeiningar varðandi almenningssamgöngur. Víðir hvatti almenning til að halda daglegum venjum eins og kostur er, þ.a.m. hreyfingu. Gæta vel að almennu hreinlæti, handþvotti og að spritta sig.

Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir fór yfir stöðu mála með tilliti til COVID-19, staðfesta smita hér á landi o.fl. Einn einstaklingur hefur verið lagður inn á spítala (sá þriðji sem hefur verið lagður inn). Flestir eru með lítil eða engin einkenni. Mikilvægt er að greina snemma og nota sóttkví til að hefta útbreiðslu eins og mögulegt er til að dreifa álaginu á heilbrigðiskerfið. Markmiðið er vernda viðkvæma eldri borgara og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sýkla- og veirufræðideild Landspítala hefur fengið nýja sendingu af sýnatökupinum svo það er ekki fyrirstaða.

Alma D. Möller landlæknir kynnti bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar. Heilbrigðisyfirvöld óska eftir liðsinni heilbrigðisstarfsfólks úr hópi lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða í svokallaða bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar. Leitað er að fólki sem hefur aðstæður og er reiðubúið að koma tímabundið til starfa í heilbrigðisþjónustunni með skömmum fyrirvara, hvort heldur í fullt starf, hlutastarf eða í tímavinnu, eftir því sem

aðstæður leyfa. [Skráningarformið](#) er aðgengilegt á vef heilbrigðisráðuneytisins. Alma minnti einnig á að auk síma 1700 er hægt er að fá leiðbeiningar hjá heilsugæslunni og í netspjalli Heilsuvera.is alla daga til kl. 22:00.

Steinn Jóhannsson, rektor Menntaskólans við Hamrahlíð ræddi þá stöðu sem upp er komin í skólanum eftir að smit var staðfest hjá nemanda, hvernig skólahaldi verður háttað og fleira. Um 50 nemendur skólans eru í sóttkví og hefur það mikil áhrif á skólastarfið. Unnið hefur verið í nánú sambandi við sóttvarnalækni og smitakningateymi almannavarnadeildar. Gott upplýsingastreymi milli skólans og heimilanna er afar mikilvægt. Í skoðun er hvernig hægt er að breyta skólastarfi, s.s. nota fjarkennslu.

Staða mála

Ísland - staðan í dag

Uppruna smita á Íslandi er bæði að finna innanlands og erlendis. Uppruni smita dreifist eftirfarandi:

Uppruni smita	Fjöldi
Innanlands	20
Erlendis	65
Samtals	85

Fjöldi einstaklinga í úrræði:

Úrræði	Fjöldi
Einangrun	85
Sóttkví	720
Samtals	805

Smitranssóknateymi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og sóttvarnalæknis hefur haft samband við einstaklinga í sóttkví. Þeir hafa notið liðsinnis heilbrigðisstarfsmanna frá Landspítala.

Fólk í sóttkví samkvæmt landsvæðum:

Sóttkví	Fjöldi
Höfuðborgarsvæði	616
Suðurnes	21
Vesturland/Vestfirðir	20
Norðurland	20
Austurland	4
Suðurland	19
Verið að afla uppl.	20
Samtals	720

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 121.250 einstaklingum og um 4.369 einstaklingar hafa látist (3,6%). Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 66.216 einstaklegar náð sér eftir veikindin. Mikill vöxtur hefur verið í dreifingu veirunnar í Evrópu, sérstaklega á Ítalíu, á Spáni og í Þýskalandi. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. [Sjá áhættumat ECDC.](#)

Aðgerðir í Danmörku

Danir hafa gefið út gula ferðaviðvörðun (sýnið aðgát) fyrir öll ríki, þar með talið Ísland.

Dönsk stjórnvöld hafa skipt heiminum í 3 svæði með tilliti til áhættu vegna Covid-19, rauð, appelsínugul og gul svæði. **Rauð svæði:** ráðlagt gegn ferðalögum og heilbrigðiseftirlitið mælir með heimasóttkví í tvær vikur eftir ferðir á þessu svæði eftir 2. mars. Þau svæði eru í dag Hubei hérað í Kína, 6 héruð á Ítalíu, Íran, Daegu og Gyeongbuk hérað í Suður Kóreu og Ischgl í Austurríki. **Appelsínugul svæði:** ráðlagt að sýna sérstaka varkárni og að sleppa óþarfa ferðum. Appelsínugul svæði eru restin af Kína (án Hong Kong, Macau og Taiwan sem flokkast sem gul svæði), restin af Ítalíu og restin af Tyrol héraði í Austurríki. **Gul svæði:** ráðlagt að sýna aðgát. Gilda þau ráð fyrir öll ríki, þar með talið Ísland.



Upplýsingamiðlun

Framundan:

- Næsti upplýsingafundur fyrir fjölmiðla er áætlaður fimmtudaginn 12. mars kl. 14:00.
- Næsti stöðufundur í Samhæfingarstöð almannavarna verður fimmtudaginn 12. mars kl. 9:00.
- Sent bréf til fræðsluyfirvalda og foreldra varðandi stöðu mála.
- Uppfærðar [Leiðbeiningar til framlínustarfsmanna í atvinnulífni. Kórónaveiru 2019 /COVID-19](#) ;
- Uppfærðar sýnatökuleiðbeiningar sóttvarnalæknis fyrir heilbrigðisstarfsfólk og ábending fyrir sýnatöku og skilgreining á COVID-19 tilfelli.